

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Grímsnes- og Grafningshrepps, nr. 1326/2024.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á B-lið 41. gr. samþykktarinnar:

1. 5. tl. breytist og orðast svo: Héraðsnefnd Árnesinga bs. Héraðsnefnd Árnesinga starfar samkvæmt sérstökum samþykktum byggðasamlagsins. Grímsnes- og Grafningshreppur skipar einn aðalmann og annan til vara í fulltrúaráð. Þá getur sveitarstjórn skipað að auki einn áheyrnarfulltrúa úr hópi minnihluta sveitarstjórnar í fulltrúaráðið og annan til vara.
2. Á eftir 5. tl. bætast við fimm nýir töluliðir og uppfærast númer eftirkomandi töluliða til samræmis við það. Nýju töluliðirnir, 6., 7., 8., 9. og 10. tl., eru svohljóðandi:
  6. *Brunavarnir Árnessýslu bs.* Sveitarfélagið Ölfus, Hveragerðisbær, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Flóahreppur og Sveitarfélagið Árborg reka saman byggðasamlagið Brunavarnir Árnessýslu bs., samkvæmt staðfestum stofnsamningi þess, sbr. auglýsingu nr. 122/2025 sem birt er í B-deild Stjórnartíðinda. Brunavarnir Árnessýslu bs. bera ábyrgð á þeim verkefnum sem aðildarsveitarfélögin fara með og þeim skyldum sem lagðar eru á aðildarsveitarfélögin í þeim lögum sem gilda um brunavarnir, nú lög nr. 75/2000. Grímsnes- og Grafningshreppur skipar einn aðalmann og annan til vara á aðalfund/aukafund. Þá getur sveitarstjórn skipað að auki einn áheyrnarfulltrúa úr hópi minnihluta sveitarstjórnar á aðalfund/aukafund og annan til vara. Fulltrúar Grímsnes- og Grafningshrepps á aðalfundi/aukaaðalfundi hafa umboð til að taka þátt í kosningu þriggja manna kjörnefndar sem gerir tillögu til aðalfundar/aukaaðalfundar um hvernig stjórn byggðasamlagsins skuli skipuð.
  7. *Tónlistarskóli Árnesinga bs.* Sveitarfélagið Ölfus, Hveragerðisbær, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Flóahreppur og Sveitarfélagið Árborg, reka saman byggðasamlagið Tónlistarskóli Árnesinga bs., samkvæmt staðfestum stofnsamningi þess, sbr. auglýsingu nr. 121/2025 sem birt er í B-deild Stjórnartíðinda. Grímsnes- og Grafningshreppur skipar einn aðalmann og annan til vara á aðalfund/aukafund. Þá getur sveitarstjórn skipað að auki einn áheyrnarfulltrúa úr hópi minnihluta sveitarstjórnar á aðalfund/aukafund og annan til vara. Fulltrúar Grímsnes- og Grafningshrepps á aðalfundi/aukaaðalfundi hafa umboð til að taka þátt í kosningu þriggja manna kjörnefndar sem gerir tillögu til aðalfundar/aukaaðalfundar um hvernig stjórn byggðasamlagsins skuli skipuð.
  8. *Listasafn Árnesinga bs.* Byggðasamlagið starfar í umboði aðildarsveitarfélaganna að rekstri Listasafns Árnesinga sem er viðurkennt safn samkvæmt safnalögum nr. 141/2011 og skal starfa í samræmi við ákvæði laganna. Grímsnes- og Grafningshreppur skipar einn aðalmann og annan til vara á aðalfund/aukafund. Þá getur sveitarstjórn skipað að auki einn áheyrnarfulltrúa úr hópi minnihluta sveitarstjórnar á aðalfund/aukafund og annan til vara. Fulltrúar Grímsnes- og Grafningshrepps á aðalfundi/aukaaðalfundi hafa umboð til að taka þátt í kosningu þriggja manna kjörnefndar sem gerir tillögu til aðalfundar/aukaaðalfundar um hvernig stjórn byggðasamlagsins skuli skipuð.
  9. *Héraðsskjalasafn Árnesinga bs.* Byggðasamlagið er stofnað til þess að annast sameiginlega vörslu skjala og annarra gagna í umboði aðildarsveitarfélaganna í samræmi við starfsleyfi. Byggðasamlagið er opinbert skjalasafn og starfar í umboði aðildarsveitarfélaganna að söfnun, innheimtu og varðveislu skjala og annarra gagna. Grímsnes- og Grafningshreppur skipar einn aðalmann og annan til vara á aðalfund/aukafund. Þá getur sveitarstjórn skipað að auki einn áheyrnarfulltrúa úr hópi minnihluta sveitarstjórnar á aðalfund/aukafund og annan til vara. Fulltrúar Grímsnes- og Grafningshrepps á

aðalfundi/aukaaðalfundi hafa umboð til að taka þátt í kosningu þriggja manna kjörnefndar sem gerir tillögu til aðalfundar/aukaaðalfundar um hvernig stjórn byggðasamlagsins skuli skipuð.

10. *Byggðasafn Árnesinga bs.* Byggðasamlagið starfar í umboði aðildarsveitarfélaganna að rekstri Byggðasafns Árnesinga sem er viðurkennt safn samkvæmt safnalögum nr. 141/2011 og skal starfa í samræmi við ákvæði laganna. Grímsnes- og Grafningshreppur skipar einn aðalmann og annan til vara á aðalfund/aukafund. Þá getur sveitarstjórn skipað að auki einn áheyrnarfulltrúa úr hópi minnihluta sveitarstjórnar á aðalfund/aukafund og annan til vara. Fulltrúar Grímsnes- og Grafningshrepps á aðalfundi/aukaaðalfundi hafa umboð til að taka þátt í kosningu þriggja manna kjörnefndar sem gerir tillögu til aðalfundar/aukaaðalfundar um hvernig stjórn byggðasamlagsins skuli skipuð.

2. gr.

Á eftir 51. gr. kemur ný grein, og uppfærast númer eftirkomandi greina til samræmis við það. Ný 52. gr., ásamt fyrirsögn, er svohljóðandi:

*Fullnaðarafgreiðsla mála hjá Bergrisanum bs.*

Bergrisinn bs. er byggðasamlag nokkurra sveitarfélaga á Suðurlandi og er stofnað samkvæmt 94. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011. Er hlutverk þess að annast málefni fatlaðs fólks í aðildarsveitarfélögunum á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018. Stjórn Bergrisans bs. afgreiðir, án staðfestingar sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps, fullnaðarákvarðanir í öllum málum sem varða skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk á félagsþjónustuvæði Grímsnes- og Grafningshrepps, samkvæmt heimild í 1. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga og 30. gr. samþykktar þessarar. Stjórn Bergrisans bs. getur vísað afgreiðslu mála samkvæmt 1. mgr. til sveitarstjórnar og er skylt að vísa þeim til sveitarstjórnar sé þess óskað af þriðjungi fulltrúa í stjórninni hið fæsta. Framangreindar afgreiðslur í fundargerð stjórnar Bergrisans bs., sbr. 2. mgr. 1. gr., skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps. Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu stjórnar Bergrisans bs. eða kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska eftir endurupptöku máls hjá stjórn byggðasamlagsins með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga. Telji stjórn byggðasamlagsins að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal stjórn byggðasamlagsins taka málið upp að nýju. Þá skal aðila leiðbeint um rétt sinn til að skjóta afgreiðslu nefndarinnar til úrskurðarnefnda/ráðuneytis. Að öðru leyti er vísað í samþykktir Bergrisans bs., nr. 571/2025.

3. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Innviðaráðuneytinu, 10. mars 2026.*

F. h. r.

**Aðalsteinn Þorsteinsson.**

*Ólöf Sunna Jónsdóttir.*